



Umhverfisstofnun
b.t. Guðmundar B. Ingvarssonar
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Í tillögu að starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn Tjarnarlandi er þrennt sem Fljótsdalshérað óskar eftir að verði tekið til athugunar og eftir atvikum gerðar breytingar á, áður en tillagan verður send umsagnaraðilum:

1. Í lið 1.2 kemur fram að „heimilt er að geyma allt að 240 tonn af moltu á ári.“ Óskað er eftir að Fljótsdalshérað fái að geyma eins og hálf til tveggja ára byrgðir af moltu á svæðinu til að tryggja að moltan verði tilbúin til notkunar þegar hún fer út af svæðinu. Því er óskað eftir að heimilt verði á hverjum tíma að geyma allt að 500 m³ af moltu.
2. Í lið 3.3. er tekið fram að „sunnan, vestan og norðan við urðunarstaðinn skal vera frárennisskurður sem safnar vatni frá urðunarstaðnum, þ.m.t. sigvatni sem blandast hefur grunnvatni.“ Eins og fram kom í athugasemdum sem Óli Grétar Metúsalemsson (fyrir hönd Fljótsdalshéraðs) sendi Umhverfisstofnun eru „skurðirnir vestan, og norðan við svæðið [...] eingöngu hugsaðir til að taka við yfirborðsvatni fyrst og fremst af svæðinu norðan við urðunarstaðinn. Þann fyrir vestan, sem er kominn, vorum við að hugsa um að leggja af, ma. Vegna þess að hann leiðir yfirborðsvatnið niður á sýnatökusvæðið, nema lengja megi hann frekar.“ Einnig kemur fram í lið 3.3. að „skurðbotn skal ná niður á náttúrulegan berggrunn svæðisins...“ Í sömu athugasemdum frá Óla Grétari Metúsalemssyni og áður er vitnað í segir: „Erfitt gæti reynst að grafa skurðinn neðan við svæðið „niður á náttúrulegan berggrunn svæðisins“, því þarna er botnlaus mýri eins og við segjum. Er ekki ásættanlegt að grafa þarna 3-4 m djúpan skurð og setja í botn hans 2-3 m lag af grófri möl. Opinn skurður niður á botn verður alla vega mikið mannvirki, því skurðbakkar þurfa örugglega að vera með góðum fláum til að standa til lengdar.“
Því er óskað eftir að ekki verði skilyrði að hafa skurð vestan staðarins þar sem hann er einungis hugsaður til að taka við yfirborðsvatni sem hægt er að leiða í skurðinn sem er norðan staðarins.
Einnig er farið fram á að skurðbotnar þurfi ekki að ná niður á náttúrulegan berggrunn svæðisins. En þess í stað farið eftir tillögum Óla Grétars sem eru tíundaðar hér að framan.
3. Í lið 4.3. segir: „Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarhólf skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls.“ Óskað er eftir að heimilt verði að leggja nót (eða sambærilegt) yfir urðunarhólf (og þá sérstaklega urðunarhólf fyrir sláturúrgang) í stað þess að hylja úrganginn daglega. Með því móti nýtist hólfid betur og endist lengur en ef hylja þarf daglega allan úrgang með 15cm þekjulagi. Þó að heimilt verði að leggja nót (eða sambærilegt) yfir þarf þó að hylja úrganginn reglulega til að koma í veg fyrir ónæði og ólykt.

Freyr Ævarsson

Verkefnastjóri umhverfismála, Fljótsdalshéraði